

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 6/2019

Kæra Ecommerce 2020 ApS á ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019.

1. Hinn 29. apríl 2020 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2019: Kæra Ecommerce 2020 ApS á ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019 frá 21. ágúst 2019. Í málinu úrskurða Kristín Benediktsdóttir, Eiríkur H. Hauksson og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 25. september 2019, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019 frá 21. ágúst 2019, um að kærandi hafi brotið gegn 26. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, með innheimtu kostnaðar af neytendalánnum sem nam hærri árlegri hlutfallstölu kostnaðar en 50% að viðbættum stýrivöxtum. Þá hafi kærandi brotið gegn g. og l. liðum 4. mgr. 7. gr. sömu laga með ófullnægjandi upplýsingagjöf á stöðluðu eyðublaði. Loks hafi kærandi brotið gegn d., l., r., t. og v. liðum 2. mgr. 12. gr. sömu laga með ófullnægjandi upplýsingagjöf í lánsamningi. Með hinni kærðu ákvörðun beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til kæranda, með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, að koma upplýsingum samkvæmt 4. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 í viðunandi horf og tilkynna Neytendastofu þar um. Yrði það ekki gert innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli b. og h. liða 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 3. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 31. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán.
4. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna anna nefndarmanna og umfangs málsins. Þá var nefndin ekki fullskipuð fyrir en 17. febrúar sl., en með bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þann dag var Kristín Benediktsdóttir dósent skipuð ad hoc í nefndina í stað formanns nefndarinnar til að fjalla um kæru í máli þessu.

MÁLAVEXTIR

5. Kærandi mun vera lánaþyrirtæki með höfuðstöðvar í Danmörku sem sérhæfir sig í veitingu svokallaðra smálána m.a. undir vörumerkjunum 1909, Hraðpeningar og Smálán. Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. maí 2019, til kæranda var upplýst að Neytendastofa hefði óskað að systurstofnun hennar í Danmörku, Forbrugerombudsmanden, aflaði afrits af stöðluðu eyðublaði og lánessamningi kæranda við neytendur. Stofnuninni hefði borist umrædd gögn og teldi hún þörf á að gera athugasemdir við það hvernig starfsemi kæranda væri háttað, enda ættu íslensk lög við um markaðssetningu og lánveitingu kæranda til neytenda búsettra á Íslandi. Samkvæmt því bæri kæranda að veita neytendum upplýsingar í samræmi við ákvæði laga nr. 33/2013, um neytendalán, og virða réttindi neytenda samkvæmt þeim lögum.
6. Í bréfinu voru í fyrsta lagi gerðar athugasemdir við kostnað lána kæranda. Í öðru lagi voru gerðar athugasemdir við staðlað eyðublað kæranda til viðskiptavina um skort á tilteknum upplýsingum, vísað væri til þess að neytandi gæti leitað til danskrar úrskurðanefndar og danskra eftirlitsaðila vegna ágreinings við kæranda og að tiltekinn staðlaður texti eyðublaðsins og millifyrirsagnir væru ekki í öllum tilvikum í samræmi við orðalag viðauka I við reglugerð nr. 921/2013. Í þriðja lagi voru gerðar athugasemdir við lánessamning kæranda. Í samningnum kæmu hvorki fram upplýsingar um tegund láns, heildarfjárhæð né skilyrði fyrir nýtingu þess. Vísað væri til gildandi dráttarvaxta og annars kostnaðar samkvæmt dönskum lögum. Þá skorti upplýsingar um afleiðingar vegna vangoldinna greiðslna og réttar til greiðslu fyrir gjalddaga auk þess sem vísað væri til danskrar úrskurðarnefndar sem kæruleiðar utan dómstóla og danskra eftirlitsstjórnvalda sem þar til bærra eftirlitsfirvalda.
7. Í kjölfar funda Neytendastofu og fulltrúa kæranda auk tölvupóstsamskipta þar sem stofnuninni voru send afrit af nýjum lánessamningi og stöðluðu eyðublaði félagsins, barst svar félagsins með bréfi, dags. 2. júlí 2019. Kom þar fram að brugðist hefði verið við ýmsum athugasemdum Neytendastofu við starfsemi kæranda. Á hinn bóginn teldi kærandi að dönsk lög giltu um lánessamninga sína við neytendur í samræmi við svokallaðan Rómarsamning og lög nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.
8. Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. júlí 2019, svaraði Neytendastofa athugasemdum kæranda auk þess sem stofnunin óskaði frekari skýringa frá félaginu. Í bréfinu segir að Neytendastofa geri ekki athugasemdir við þær úrbætur sem gerðar hafi verið eða standi til að gera með þeim fyrirvara að stofnunin hafi ekki fengið afhentan uppfærðan lánessamning. Þá kom fram sú afstaða Neytendastofu að með vísan til 5. gr. laga nr. 43/2000 ættu lög nr. 33/2013 við um samninga gagnvart íslenskum neytendum þrátt fyrir að dönsk lög geti átt við um samninga sem beint er að dönskum neytendum og starfsemina sem slíka þar sem fyrirtækið er rekið í Danmörku. Gerðar voru frekari athugasemdir að því er varðaði almenna skilmála kæranda. Óskað var svars við nánar tilgreindum spurningum og afritum af nýjum lánessamningi og stöðluðu eyðublaði kæranda.

9. Svar kæranda barst með bréfi, dags. 25. júlí 2019, þar sem ítrekuð voru rök í fyrra bréfi. Með bréfi Neytendastofu, dags. 29. júlí 2019, tilkynnti stofnunin kæranda um lok gagnaöflunar málsins að því er varðaði upphaflegt erindi stofnunarinnar. Í bréfinu kom fram að teldi stofnunin ástæðu til frekari skoðunar og gagnaöflunar vegna greiðslufrests lána kæranda yrði það tekið til meðferðar í nýju máli.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

10. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er rakið að málið snúi að kostnaði lána kæranda auk upplýsinga sem fram komi í lánessamningi og stöðluðu eyðublaði samkvæmt lögum nr. 33/2013.
11. Neytendastofa telji með vísan til a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 að ákvæði laga nr. 33/2013 gildi um samninga kæranda við íslenska neytendur. Með lögum nr. 43/2000 hafi verið teknar upp í íslenskan rétt lagaskilareglur Rómarsamningsins. Samkvæmt meginreglu 3. gr. laganna geti aðilar samningssambands samið um þau lög sem um hann skulu gilda, í heild eða að hluta. Í 5. gr. sé fjallað um neytendasamninga og er þar að finna undantekningarreglu frá meginreglu 3. gr. laganna.
12. Neytendastofa telji að líta verði til þess að markaðssetningu kæranda hafi verið beint m.a. með smáskilaboðum og/eða tölvupóstum til íslenskra neytenda, á íslensku og gjarnan með tilliti til sérstakra aðstæðna á Íslandi eins og t.d. í tengslum við verslunarmannahelgi. Sótt hafi verið um lán t.d. með SMS skilaboðum í íslenskt símanúmer og boðið upp á samskipti við símaver í íslensku númeri. Þá sé gerð krafa um íslenska kennitölu lántaka, lánin veitt í íslenskum krónum auk þess sem öll markaðssetning fari fram á íslensku. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins sé litið til búsetulands neytanda og hvort hann sé staddur í því ríki þegar sérstöku tilboði eða almennri auglýsingu hafi verið beint til hans og hann geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar. Það hafi því ekki þýðingu við beitingu undanþágunnar hvar vefpóstur eða sá samskiptamiðill sem nýttur sé til auglýsinga sé hýstur. Þá sé til þess að líta að með 4. gr. laga nr. 33/2013 sé veitt heimild til að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir neytendur sem feli í sér að ákvæði laganna séu ófrávíkjanleg að því er lágmarksréttindi neytenda varðar.
13. Með vísan til framangreinds telji Neytendastofa skilyrðum fullnægt um að ákvæði laga nr. 33/2013 eigi við um samninga og samningsgerð þegar lántaki sé Íslendingur og staddur á Íslandi.
14. Í lögum nr. 33/2013 sé m.a. fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda fyrir og við lánveitingu. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skuli lánveitandi með eðlilegum fyrirvara veita neytanda nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann geti borið saman tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um lántöku. Skuli upplýsingarnar veittar á grundvelli lánsskilmála, skilyrða lánveitanda og, ef við eigi, framkominna óska og upplýsinga frá neytanda. Upplýsingarnar skuli skv. 2. mgr. 7. gr. veittar

á pappír eða öðrum varanlegum miðli og á stöðluðu eyðublaði skv. reglugerð nr. 921/2013. Í 4. mgr. 7. gr. séu taldar upp þær upplýsingar sem koma skulu fram í staðlaða eyðublaðinu. Í 26. gr. laga nr. 33/2013 sé lánskostnaði settar skorður.

15. Í hinni kærðu ákvörðun er bent á að samkvæmt gögnum málsins hafi kærandi veitt neytendalán að fjárhæð 10.000 – 80.000 kr. með kostnaði sem hafi gefið árlega hlutfallstölu kostnaðar á bilinu 3.444,8% - 13.298,1%. Um sé að ræða skýrt brot gegn lögbundnu hámarki árlegrar hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013. Samkvæmt gögnum málsins hafi kærandi gert breytingu á viðskiptamódeli sínu eftir að gagnaöflun Neytendastofu hófst sem fólst m.a. í því að kostnaður af lánnum var lækkaður verulega. Af gögnunum sé ljóst að kostnaður við lántöku nemi nú fjárhæð sem gefi árlega hlutfallstölu kostnaðar undir lögbundnum hámarki samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013. Skoðun Neytendastofu hafi einnig leitt í ljós að við lántöku og gerð lánsamnings séu neytendur ekki krafðir um viðbótargjöld, tengdan kostnað eða annað sem taka skuli tillit til við útreikning heildarlántökukostnaðar og árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Neytendastofa telji því ekki tilefni til athugasemda við fjárhæð kostnaðar eða útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar við lánveitingar kæranda eins og útreikningunum sé nú háttað samkvæmt gögnum sem lögð hafa verið fram.
16. Í hinni kærðu ákvörðun er síðan vikið að athugasemdum stofnunarinnar við staðlað eyðublað kæranda með hliðsjón af c., g., j. og l. liðum 4. mgr. 7. gr. auk almennra athugasemda og athugasemda vegna upplýsinga í tengslum við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Í svörum kæranda hafi komið fram að gerðar yrðu úrbætur að því er varði c., g., j. og l. liði 4. mgr. 7. gr. Hvað athugasemdir vegna upplýsinga í tengslum við fjarsölu á fjármálaþjónustu varði hafi kærandi hafnað athugasemdum Neytendastofu þar sem félagið hafi ekki fallist á að íslensk lög eigi við um samningana og því beri félaginu að vísa til danskra eftirlitsyfirvalda og úrskurðanefndar.
17. Í ákvörðuninni kemur fram að við skoðun á nýjum lánsamningi og stöðluðu eyðublaði kæranda megi sjá að gerðar hafi verið fullnægjandi úrbætur að því er varði c. lið 4. mgr. 7. gr., enda hafi verið bætt við upplýsingum um að skilyrði fyrir nýtingu láns sé að neytandi standist láns hæfismat. Þrátt fyrir þau svör kæranda að bætt verði inn lýsandi dæmi samhliða árlegri hlutfallstölu kostnaðar sé slíkt dæmi ekki að finna í nýjum gögnum frá félaginu og því brjóti það enn gegn g. lið 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013. Gerðar hafi verið fullnægjandi breytingar á upplýsingum um þinglýsingarkostnað sbr. j. lið 4. mgr. 7. gr. laganna. Þá hafi félagið breytt tilvísun til dráttarvaxta, þar sem lánin séu veitt í íslenskum krónum og því beri að reikna dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þrátt fyrir að lagatilvísun sé nú fullnægjandi og veiti þannig upplýsingar um hvernig fyrirkomulag um breytingu á vöxtum sem greiða þurfi ef greitt sé eftir gjalddaga, skorti enn tilgreiningu á gildandi dráttarvöxtum eins og ákvæði l. liðar 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013 geri kröfu um. Með vísan til þess að ákvæði laga nr. 33/2013 eiga við um samninga um neytendalán sem kærandi geri við íslenska neytendur, þegar skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 séu

uppfyllt, beri félaginu að vísa til íslenskra eftirlitsyfirvalda og íslenskrar úrskurðanefndar í 5. þætti staðlaða eyðublaðsins.

18. Í hinni kærðu ákvörðun er síðan vikið að athugasemdum Neytendastofu við upplýsingar í lánsamningi kæranda samkvæmt a., d., l., m., r., t. og v. liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013. Í svörum kæranda hafi komið fram að gerðar yrðu úrbætur að því er varði a., d., l. og m. liði 2. mgr. 12. gr. Að öðru leyti hafi kærandi hafnað athugasemdum Neytendastofu þar sem félagið hafi ekki fallist á að íslensk lög eigi við um samninginn og því beri félaginu að vísa til danskra eftirlitsyfirvalda og úrskurðanefndar. Neytendastofa telji að fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar við upplýsingar samkvæmt a. og m. liðum 2. mgr. 12. gr. þar sem bætt hefur verið við upplýsingum um tegund láns og afleiðingar vegna vangoldinna greiðslna.
19. Samkvæmt skoðun Neytendastofu hafi ekki verið bætt við upplýsingum um skilyrði fyrir nýtingu láns samkvæmt d. lið 2. mgr. 12. gr. þrátt fyrir svör kæranda um að bætt yrði inn að viðskiptavinur þurfi að standast lánshæfismat. Kærandi hafi breytt tilvísun til dráttarvaxta, þar sem lánin eru veitt í íslenskum krónum og því beri að reikna dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Þrátt fyrir að lagatilvísun sé nú fullnægjandi og veiti þannig upplýsingar um hvernig fyrirkomulagi um breytingu á vöxtum sem greiða þarf ef greitt sé eftir gjalddaga er háttað, skorti enn tilgreiningu á gildandi dráttarvöxtum eins og ákvæði l. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 geri kröfu um.
20. Þá er rakið að Neytendastofa hafi gert, með vísan til r. liðar 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, athugasemd við orðlag liðar 3B í lánsamningi kæranda, sem beri yfirskriftina „UPPSÖGN/GREIÐSLA FYRIR GJALDDAGA“ þar sem skilmálinn sé ekki nægilega skýr um rétt neytenda til greiðslu fyrir gjalddaga. Kærandi hafi ekki svarað þessari athugasemd Neytendastofu og engar úrbætur hafi verið gerðar á skilmálanum. Með vísan til þess að ákvæði laga nr. 33/2013 eigi við um samninga um neytendalán sem kærandi geri við íslenska neytendur, þegar skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 séu uppfyllt, beri félaginu að vísa til íslenskra eftirlitsyfirvalda og íslenskrar úrskurðanefndar samkvæmt t. og v. liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013.
21. Í ljósi framangreinds og með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til kæranda að félaginu bæri að bæta upplýsingagjöf samkvæmt 4. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 nú þegar og senda Neytendastofu tilkynningu ásamt breyttum lánsamningi og stöðluðu eyðublaði. Yrði það ekki gert innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli b. og h. liða 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

22. Í kæru, dags. 25. september 2019, kemur fram að kærandi sé alþjóðlegt lánaþyrntæki með höfuðstöðvar í Danmörku en starfsemi þess sé m.a. í Danmörku, á Íslandi og í Póllandi. Kærandi bjóði upp á svokölluð smálán m.a. undir vörumerkjunum 1909, Hraðpeningar og Smálán. Hluti viðskiptavina kæranda séu einstaklingar búsettir á Íslandi.
23. Kærandi er ósammála þeim skilningi sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun að íslensk lög gildi um þá samninga sem kærandi hafi gert við tiltekinn hóp viðskiptavina sinna, sbr. a. lið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Er þess því krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
24. Kærandi byggir á því að dönsk lög gildi um samninga fyrirtækisins við viðskiptavinina sína í samræmi við skýr samningsákvæði samninganna. Kærandi sé danskt fyrirtæki sem starfi samkvæmt starfsleyfi frá danska fjármálaeftirlitinu. Þá sé vefsíða kæranda staðsett í Danmörku og hafi kærandi skrifstofu þar. Þegar viðskiptavinur taki lán hjá kæranda sé viðskiptavininum skilmerkilega gerð grein fyrir því að dönsk lög gildi um samninginn. Fyrir utan skýrt samningsákvæði þess efnis að dönsk lög gildi, beri allur lánsamningurinn það með sér að dönsk lög gildi um hann. Þannig sé ítrekað vísað til danskra laga, en einnig sé viðskiptavininum vísað til dönsku áfrýjunarnefndarinnar um neytendamál sem og danska umboðsmanns neytenda. Það fari því ekki framhjá neinum viðskiptavinum kæranda sem hafi kynnt sér lánsamninginn, þó hann hafi ekki gert það nema að litlu leyti, að dönsk lög gildi um viðskiptasambandið.
25. Kærandi vísar til þess að í 3. gr. laga nr. 43/2000 sé lögfest skýr meginregla þess efnis að um samninga skuli beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verði talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum. Í samræmi við þessa reglu beri almennt að beita þeim lögum sem aðilar hafi samið um að gildi um samninginn. Frá þessari meginreglu sé að finna undantekningarreglu í 5. gr. laganna. Sú undantekningarregla, sem beri samkvæmt almennum lögskýringarreglum að skýra þröngt, snúi að því að neytendur geti, að tilteknum þröngum skilyrðum uppfylltum, beitt fyrir sig ófrávíkjanlegum reglum í lögum heimaríkis síns.
26. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. 43/2000 þurfi auk 1. mgr. 5. gr. laganna skilyrði eins af staflaðum a.-c. að vera uppfyllt. Samkvæmt orðanna hljóðan sé ljóst að b. og c. liður ákvæðisins eigi ekki við um starfsemi kæranda. Neytendastofa byggir á því í ákvörðun sinni að a. liður eigi við um starfsemi kæranda í ákveðnum tilvikum. Þannig segi í ákvörðuninni að smáskilaboð og tölvupóstar til íslenskra neytenda, á íslensku og gjarnan með tilliti til sérstakra aðstæðna á Íslandi, sé markaðssetning sem virki gildissvið a. liðar 2. mgr. 5. gr. Þannig komist Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga nr. 33/2013 um neytendalán eigi við um samninga kæranda og samningsgerð þegar lántaki sé Íslendingur og staddur á Íslandi, enda vísi löggin að mati stofnunarinnar til búsetu lántakans.

27. Kærandi telur framangreinda niðurstöðu Neytendastofu ranga og beri því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.
28. Í fyrsta lagi vísar kærandi til þess að gildissvið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 nái ekki til starfsemi kæranda sem lánveitanda. Fram komi í frumvarpi til laga um lög um skil á sviði samningaréttar að lögin séu grundvölluð á Rómarsamningnum, sem undirritaður hafi verið 19. júní 1980. Nær öll lögin, þ.m.t. 5. gr. laganna, séu bein þýðing á Rómarsamningnum. Í 1. mgr. 5. gr. laganna sé fjallað um gildissvið undantekningarákvæðisins. Það megi gagnálykta út frá umfjöllun 1. mgr. 5. gr. að sú starfsemi sem ekki sé nefnd í ákvæðinu falli utan gildissvið þess.
29. Kærandi bendir á að fram komi í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 að ákvæðið eigi við um samninga sem neytandi gerir um afhendingu á vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans eða samninga um lán til að fjármagna kaupin. Af 5. gr. laga nr. 43/2000 og 5. gr. Rómarsamningsins megi skýrlega draga þá ályktun að þrenns konar starfsemi falli undir gildissvið ákvæðanna: Samningar um afhendingu á vörum, samningar um veitingu á þjónustu og samningar um lán til þess að fjármagna liði 1. og 2.
30. Einungis lánssamningar sem að hluta til eða öllu leyti hafa það markmið að fjármagna kaup á vörum og þjónustu falli undir gildissvið 5. gr. laga nr. 43/2000 og 5. gr. Rómarsamningsins. Ákvæðinu sé því ætlað að ná til lána sem hafi nána tengingu við kaup á vörum og þjónustu. Dæmi um lán af þessu tagi væru raðgreiðslur sem verslun veiti neytanda eða önnur lán af því tagi.
31. Lánssamningar sem séu veittir án nokkurrar aðkomu að öðrum kaupum á vöru og þjónustu falli því ekki undir gildissvið 5. gr. laga nr. 43/2000 og Rómarsamningsins. Með öðrum orðum, þá nái umrædd ákvæði ekki til þeirra tilvika þar sem lántakandinn hafi fullt vald yfir því hvernig láninu sé ráðstafað.
32. Kærandi bendir á að þessi skilningur á gildissviði 5. gr. Rómarsamningsins eigi sér einnig stoð í fræðaskrifum á sviði Evrópuréttar. Kærandi vísar til skrifa Franco Ferrari þar sem vikið er að svokallaðri Rómarreglugerð I sem hafi verið innleidd í Evrópusambandinu árið 2008. Með Rómarreglugerð I hafi lagaskilareglur Rómarsamningsins verið uppfærðar. Kærandi vísar til þess að umræddum skrifum Ferrari komi fram að hin nýja lagaskilaregla 6. gr. Rómarreglugerðar I, ólíkt 5. gr. Rómarsamningsins, takmarki ekki gildissvið sitt við samninga sem viðkomi kaupum á vörum og þjónustu til einstaklings, og samninga sem útvegi fjármagn fyrir kaupin, heldur nái hin nýja regla til allra neytendasamninga, svo lengi sem þeir falli ekki undir 4. mgr. 6. gr. Rómarreglugerðar I. Þá segi að afleiðing þessarar breytingar sé sú að hin nýja regla nái utan um samninga sem voru ekki hluti af gildissviði 5. gr. Rómarsamningsins. Þannig nái hin nýja regla utan um fjármálagerninga og lánssamninga sem ekki séu tengdir kaupum á vöru og þjónustu, svo eitthvað sé nefnt. Af þessu megi leiða að 5. gr. laga nr. 43/2000 og 5. gr. Rómarsamningsins taka einungis til lána, séu þau veitt sem hluti af fjármögnum vegna kaupa á vöru eða þjónustu.

33. Kærandi áréttar að lánsamningar hans séu ekki veittir í tengslum við kaup á vörum og þjónustu. Þetta eigi að vera ágreiningslaust í málinu og hafi Neytendastofa ekki leitt neinar líkur að því að svo sé raunin. Þvert á móti sé lántakendum kæranda í sjálfsvald sett hvernig þeir fjárfesta lánsfjárhæðinni sem þeir fá hjá kæranda. Þegar af þessari ástæðu geti neytendur ekki borið fyrir sig 5. gr. laga nr. 43/2000 í tengslum við lánsamninga kæranda. Lánsamningar kæranda séu því háðir dönskum lögum í samræmi við 3. gr. laga nr. 43/2000 og beri því, þegar af þessari ástæðu, að ógilda ákvörðun Neytendastofu enda byggir ákvörðunin á rangri beitingu á 5. gr. laga nr. 43/2000.
34. Kærandi telur í öðru lagi að skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 séu að öðru leyti ekki uppfyllt. Það sé rangt að smáskilaboð og tölvupóstur sem kærandi sendi viðskiptavininum sínum séu „sérstök tilboð“ eða „almennar auglýsingar“ í skilningi a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000. Í athugasemdum við 5. gr. sem finna megja í frumvarpi til laga um lög um lagaskil á sviði samningaréttar, sé að finna nánari afmörkun á því hvað sé sérstakt tilboð eða almenn auglýsing í skilningi ákvæðisins. Þar segi orðrétt:
35. „Í þessu felst skilyrði um að seljandinn hafi boðið fram vöru sína, svo sem með sérstöku tilboði eða auglýsingu í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi, eða á annan hátt í því landi þar sem neytandinn á heima. Til nánari skýringar má taka sem dæmi að seljandinn birtir auglýsingu í íslensku blaði eða tímariti. Samningar sem gerðir yrðu í framhaldi af því falla undir sérreglu greinarinnar. Ef slík auglýsing birtist í dönsku blaði, sem ætlað er fyrir danskan markað, gæti Íslendingur búsettur hér á landi ekki borið ákvæðið fyrir sig.“
36. Kærandi telur að gera verði greinarmun á því þegar neytandi fái sendan tölvupóst og smáskilaboð í formi auglýsingar til sín, líkt og löggin vísi til, og þess þegar neytandi biði sérstaklega um að fá sendan tölvupóst og smáskilaboð til sín. Kærandi sendi einungis smáskilaboð og tölvupóst á þá viðskiptavini sem hafi beðið um að fá slík skeyti send til sín. Feli það í sér að einungis þeir viðskiptavinir fái send til sín slík skeyti sem hafi óskað eftir slíku á vefsíðu kæranda. Ekki sé hægt með nokkru móti að jafna slíku við það þegar auglýsingar séu sendar heim til neytenda eða birtingu auglýsinga í blöðum, líkt og vísað sé til í greinargerð með lögnum. Yrði fallist á þessa lagatúlkun Neytendastofu gæti neytandi t.d. beðið erlent fyrirtæki um að senda sér upplýsingar um vörur sínar og í kjölfarið komið á samning sem yrði bundinn af íslenskum lögum. Í tilvikum sem þessum væri neytandinn ekki andlag auglýsingar heldur væri hann með frumkvæði að því að fá auglýsingar sendar til sín. Slíkt geti ekki verið grundvöllur þess að a. lið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 sé beitt.
37. Auk þess þurfi að hafa í huga að fjölmargir viðskiptavinir kæranda nýti sér þjónustu félagsins án þess að auglýsing komi þar nokkru við. Sumir heyra af vörum kæranda frá kunningjum á meðan aðrir finni fyrirtækið með leitarvél á netinu. Ekki þurfi að gera annað en að leita að orðinu „smálán“ í leitarvél á internetinu til þess að finna vefsíðu kæranda. Gildissvið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 nái ekki utan um slík tilvik enda sé gerð krafa um að undanfari viðskiptanna

sé almenn auglýsing eða sérstakt tilboð, eins og gerð hafi verið grein fyrir. Í greinargerð með frumvarpi að lögum um lagaskil á sviði samningaréttar segi eftirfarandi:

38. „Hér undir falla einstök tilboð sem seljandi kann að hafa gert viðkomandi neytanda, annaðhvort fyrir tilstilli umboðsmanns eða sérstakra sölumanna, eða sérstök tilboð sem berast honum í pósti, gegnum síma eða á annan hátt. Til nánari skýringar má taka sem dæmi að seljandinn birtir auglýsingu í íslensku blaði eða tímariti. Samningar sem gerðir yrðu í framhaldi af því falla undir sérreglu greinarinnar.“
39. Samkvæmt framangreindu gildi dönsk lög um umtalsverðan fjölda þeirra lánessamninga sem kærandi hafi gert við viðskiptavini sína. Það sé hverjum manni ljóst að kærandi geti ekki vitað hver hafi verið undanfari þess að viðskiptavinur ákvað að gera lánessamning við félagið. Jafnvel þótt kærandi hefði þá vitneskju þyrfti félagið samt að afla upplýsinga um ríkisborgararétt neytandans sem og landfræðilega stöðu hans þegar rafræn umsókn um lán berst. Ómögulegt sé fyrir kæranda að fara að niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar.
40. Auk framangreinds auglýsi kærandi ekki á íslenskum miðlum. Engin dæmi megi finna um það. Auglýsingar kæranda birtist ekki í miðlum sem séu sérstaklega ætlaðir íslenskum neytendum. Miðlarnir séu alþjóðlegir og um sé að ræða markaðssvæði sem í eðli sínu sé ekki séríslenskt.
41. Kærandi bendir í þriðja lagi á að Neytendastofa rökstyðji ekki hvernig uppfyllt sé skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 um að „allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar af hans [neytandans] hálfu fóru fram í því landi“ eins og komi fram í ákvæðinu. Leiða megi af niðurstöðu Neytendastofu að litið sé til þessa skilyrðis, en niðurstaða Neytendastofu sé einmitt bundin við Íslendinga sem taki lán hjá kæranda á meðan þeir séu staddir á Íslandi. Það sé þó með öllu óljóst hvernig skýra eigi þetta skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins. Kærandi geti erfðilega staðreynt hvaða lánumsækjendur hafi íslenskan ríkisborgararétt og hvar þeir séu nákvæmlega staðsettir þegar lánið sé tekið. Um sé að ræða atriði sem séu kæranda óviðkomandi og það sé ekki hlutverk hans að safna þessum upplýsingum um viðskiptavini sína. Lagðar séu ólögættar og óeðlilegar kröfur á kæranda ef þessi skilningur Neytendastofu verði ofan á.
42. Enn fremur falli orðalagið „allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar“ illa að nútímaviðskiptaháttum. Fyrir tíma internetsins hafi þetta orðalag átt raunhæfa skírskotun. Þá hafi það vísað til þess að neytandi hefði undirritað samning og póstlagt hann í kjölfarið til erlends fyrirtækis. Í umhverfi rafrænna viðskipta sé ákvæðið að mestu marklaust. Hinn hefðbundni viðskiptavinur kæranda sækir um lánið með rafrænum hætti, oftast með erlendu tölvupóstfangi, eftir að hafa heyrt frá vini eða kunningja um þjónustuna, ellegar séð auglýsingu á erlendum miðli. Vandséð sé hvernig viðskiptavinurinn framkvæmi í slíkum tilvikum allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar í heimalandi sínu.

43. Kærandi telur að orðalag a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 sé í raun ósamræmanlegt rafrænum viðskiptum. Orðalag ákvæðisins sé fengið að láni úr Rómarsamningnum en lagareglur þess sáttamála um lagaskil séu frá árinu 1980, löngu fyrir tilkomu rafrænna viðskipta. Vegna þess ósamræmis hafi Evrópusambandið innleitt Rómarreglugerð I sem fellir á brott úr orðalagi a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 þann þátt ákvæðisins sem snúi að nauðsynlegum ráðstöfunum. Ljóst sé að eins og ákvæðið sé orðað í íslenskum lögum sé ekki hægt að beita því á starfsemi kæranda. Sérstaklega verði að horfa til þess að beita þurfi þrengjandi lögskýringu við túlkun ákvæðisins, enda feli það í sér undantekningu frá skýrri meginreglu. Neytendastofa hafi beitt í raun rýmkandi lögskýringu til þess að komast að niðurstöðu sinni, sem að mati kæranda sé ekki lögfræðilega rétt aðferð.
44. Í fjórða lagi gerir kærandi verulegar athugasemdir við ákvörðun Neytendastofu í heild sinni. Í ákvörðuninni sé því slegið föstu að kærandi hafi gerst brotlegur gegn lögum á grundvelli þess að íslensk lög gildi um samningana. Í ákvörðuninni séu svo meint lögbrot kæranda þrengt þannig að þau lán sem kærandi veitti öðrum en Íslendingum sem voru landfræðilega staddir á Íslandi þegar þeir veittu lánið væru lögmæt. Neytendastofa nefnir samt engin dæmi um að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt. Líklega skýrist það af þeirri ástæðu að rannsókn Neytendastofu á starfsemi kæranda byggðist ekki á kvörtun heldur var um frumkvæðisathugun að ræða. Í öllu falli er ljóst að ótækt sé að slá því föstu að kærandi hafi gerst brotlegur við lög gagnvart neytendum án þess að fundið sé til eitt dæmi þar sem neytandi uppfyllir öll þau fjölmörgu skilyrði sem liggja að baki því að íslensk lög verði virk, frammar þeim dönsku.
45. Kærandi tekur fram að umtalsvert hlutfall af lánnum kæranda séu veitt til aðila sem hvorki hafi íslenskan ríkisborgarétt né voru staddir á Íslandi þegar lánið var tekið. Kærandi geti ekki með nokkru móti vitað hvar viðskiptavinir sínir séu landfræðilega staddir þegar þeir nýti sér þjónustu fyrirtækisins. Það sama gildi eðli málsins samkvæmt um undanfara þess að neytandi ákvað að taka lán hjá kæranda. Í sumum tilvikum hafi t.d. erlendir verkamenn tekið slík lán á meðan þeir hafi verið staddir á Íslandi. Þá séu einnig dæmi um að Íslendingar hafi tekið slík lán á meðan þeir hafi verið staddir erlendis. Í þeim tilvikum gildi dönsk lög, að mati Neytendastofu.
46. Enn fremur sé ljóst að í þeim tilvikum þar sem neytandi hafi tekið lán hjá kæranda án þess að hafa fengið sérstakt tilboð eða séð almenna auglýsingu hafi heldur ekki verið framið lögbrot. Taka megi sem dæmi viðskiptavin sem heyrði af lánnum kæranda frá ættingja eða notaði leitarvél á netinu til þess að finna vefsíðu kæranda. Í þessum tilvikum séu ekki uppfyllt skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 og gildi dönsk lög fullum fetum um þá lánsamninga.
47. Þá bendir kærandi á að eðli málsins samkvæmt standi það neytandanum nær að sanna hvort skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 hafi verið uppfyllt í hverju tilviki fyrir sig. Ljóst sé að í fjölmörgum tilvika, jafnvel meirihluta, séu skilyrði ákvæðisins ekki uppfyllt. Þannig þurfi neytandinn að sanna að hann hafi fengið sérstakt tilboð eða almenna auglýsingu í skilningi a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 og að önnur skilyrði ákvæðisins hafi verið uppfyllt. Það

hafi ekki verið gert, heldur hafi Neytendastofa gefið sér forsendur þess efnis. Ljóst sé því að niðurstaða Neytendastofu sé með öllu ótæk.

48. Kærandi telur að sér sé í raun almennt heimilt að binda lán sín við dönsk lög, enda samþykki viðskiptavinurinn það. Frá því fyrirkomulagi séu undantekningar þar sem einstökum neytendum kann að vera heimilt að bera fyrir sig íslensk lög. Neytendastofa geti ekki með rökstuddum hætti fullyrt að skilyrðum a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 sé alltaf fullnægt og þannig lagt því sem jafngildir bláu banni, að viðlögðum sektum, við að kærandi beri fyrir sig dönsk lög þegar ljóst sé að neytandinn þurfi að sanna í hverju tilviki fyrir sig hvort skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt og hann geti borið fyrir sig íslenska neytendavernd.
49. Af framangreindu leiði að skilyrðum a. liðar 2. mgr. laga nr. 43/2000 sé ekki fullnægt og því sé kæranda heimilt að byggja lánsamninga sína á dönskum lögum, þ.m.t. reglum sem gildi þar í landi um árlega hlutfallstölu kostnaðar.
50. Í niðurlagi kæru bendir kærandi á að sú niðurstaða, að dönsk lög gildi um samninga kæranda, sé ekki vinsæl í því pólitíska ástandi sem ríki í íslensku samfélagi, en nauðsynlegt sé að lögum sé beitt í samræmi við hefðbundnar lögfræðilegar aðferðir. Kærandi áréttar að a. liður 2. mgr. 5. laga nr. 43/2000 sé undantekningarheimild, sem beri að skýra þröngt, eins og venjan sé þegar undantekningarheimildir séu túlkaðar. Þá sé ljóst að verulegur vafi sé á hvort starfsemi kæranda falli undir gildissvið ákvæðisins. Enn fremur sé þessi heimild byggð á orðalagi frá því fyrir tíma internetsins. Vegna þessa sé nær ómögulegt að beita ákvæðinu með vitrænum hætti í tilviki rafrænna viðskipta. Af því leiðir, með vísan til þess að vafi sé uppi um hvort beita megi ákvæðinu, að hafna verði beitingu þess. Að lokum sé ljóst að þótt tilefni sé til þess að beita ákvæðinu þá sé það einungis í ákveðnum tilvikum og kæranda sé heimilt að bera fyrir sig dönsk lög í þeim tilvikum, sem séu fjölmörg, þar sem ítrustu skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Að endingu sé alls óljóst hvernig kærandi geti aflað sér upplýsinga um undanfara þess að neytandi óski eftir viðskiptum við félagið.
51. Með bréfi, dags. 4. október 2019, veitti áfrýjunarnefndin Neytendastofu færi á að gera athugasemdir við kærana. Gerði stofnunin það með greinargerð, dags. 30. október 2019.
52. Í greinargerðinni hafnar Neytendastofa því að ógilda beri ákvörðunina. Stofnunin bendir á að orðalag 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000, sbr. umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu, leiði af sér að ákvæðið sé ekki einskorðað við kaup á vöru eða þjónustu heldur geti það jafnframt átt við lán í tengslum við fjármögnun slíkra kaupa.
53. Stofnunin fellst ekki á að unnt sé að gagnálykta frá orðalagi ákvæðisins að í því felist að aðrar tegundir lána verði undanskildar ákvæðinu. Ákvæði laganna sækir fyrirmynd til Rómarsamningsins en séu íslensk löggjöf og beri að túlka og framkvæma á þann hátt sem löggjafinn hafi mælt fyrir um. Í ákvæði 1. mgr. 5. gr. segi að lögin taki til samninga um „þjónustu“. Í þessu sambandi bendi Neytendastofa á að lán teljist fjármálaþjónusta, t.d. sbr.

skilgreiningu 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 33/2005 um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Að mati Neytendastofu verði að túlka ákvæði 5. gr. laga nr. 43/2000 með tilliti til þeirra forsendna. Í bréfi kæranda sé vísað til þess að hjá Evrópusambandinu hafi verið gerð breyting á Róm I samkomulaginu árið 2008 sem leiði til þess að unnt sé að túlka að lög nr. 43/2000 með framangreindum hætti. Þetta er að mati Neytendastofu á misskilningi byggt. Framangreind breyting hjá ESB hafi verið hluti af vinnu við setningu á Róm II samningnum sem gildi um lagaskil á sviði utan samningaréttar, sbr. reglugerð (ESB) nr. 864/2007. Samhliða þeirri lagasetningu hafi verið tekin ákvörðun um eins og segi í 26. gr. aðfararorða í reglugerð (ESB) nr. 593/2008 að tryggja að auk lánasamninga skuli ákvæði í Róm I samningnum taka til fjárfestinga í verðbréfasjóðum (UCITS), sem séu áhættufjárfestingar neytenda s.s. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða o.þ.h., og talið nauðsynlegt að taka af öll hugsanleg tvímæli að því leyti í löggiöf Evrópuréttarins. Þannig hafi markmiðið verið að tryggja vernd neytenda varðandi slík fjárfestingarform sem hafi tekist að þróast sem almennar fjármálavörur fyrir neytendur og boðnar fram í viðskiptum yfir landamæri. Ákvæði samhliða ákvæðum í Róm II samningnum hafi ekki verið sett í íslensk lög en Neytendastofa telji þó að full ástæða sé til þess.

54. Framangreind rök kæranda eigi því ekki við og ótvírætt að mati Neytendastofu að lánasamningar í máli þessu skuli því teljast vera „þjónusta“ í skilningi laga nr. 43/2000 enda hefði þurft að vera skýrt fyrir um það mælt í lögnum og á engan hátt hægt að rökstyðja slíka niðurstöðu með gagnályktun eða öðrum lögskýringaraðferðum. Jafnframt myndi slík niðurstaða leiða til þess að neytendur í Finnlandi sem er jafnframt aðildarríki ESB myndu njóta ríkari verndar gagnvart viðskiptaháttum fyrirtækisins en íslenskir neytendur myndu gera samkvæmt slíkri túlkun. Bendir Neytendastofa á að í Finnlandi sé að finna sambærilegt ákvæði um vaxtaþak í viðskiptum með smálán. Sama eigi við gagnvart öllum öðrum neytendum sem eru búsettir séu innan aðildarríkja ESB þar sem mælt sé fyrir um sérstaka vernd með sama hætti og gert sé á Íslandi og Finnlandi að þessu leyti. Það sé því augljóst að tilgangur Evrópuréttarins frá upphafi sé að tryggja að neytendur njóti verndar samkvæmt þeim ófrávíkjanlegu reglum sem gildi í því ríki sem þeir séu búsettir í og með réttu megi ætla að gildi í viðskiptum þeirra eins og við eigi í máli þessu.
55. Neytendastofa ítrekar að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum laga nr. 33/2013 og sé það ekki til hagsbóta fyrir neytendur, sbr. 4. gr. laganna. Þau samningsákvæði að dönsk lög eigi við um lánveitingarnar og hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skv. 26. gr. laga nr. 33/2013 eigi þar af leiðandi ekki við eru óhagstæðari fyrir hagsmuni neytenda og eru því óheimil.
56. Neytendastofa hafnar röksemdum kæranda að því er varðar að sérstöku tilboði eða auglýsingu sé ekki beint að neytendum heldur hafi þeir óskað sérstaklega eftir að fá tölvupósta og smáskilaboð í formi auglýsinga til sín. Bendir stofnunin á að kærandi auglýsi jafnframt með öðrum hætti en tölvupóstum og smáskilaboðum, t.d. á samfélagsmiðlum og í ýmsum leikjum fyrir snjalltæki og tölvur. Bendir stofnunin á að í svari kæranda komi fram að slíkum auglýsingaaðferðum sé beitt. Neytendastofa geti ekki fallist á að orðalag ákvæðisins sé svo

þröngt að birta þurfi markaðssetningu í íslensku dagblaði eða sjónvarpsefni. Þrátt fyrir að samfélagsmiðlarnir séu erlendir sé markaðssetningin á íslensku og henni beint að íslenskum neytendum. Í því sambandi bendir Neytendastofa á að ekki megi líta fram hjá því að samfélagsmiðlar geri auglýsendum auðvelt fyrir að velja markhópa sem auglýsingu sé beint að og með tilliti til þess að auglýsingar kæranda birtast íslenskum neytendum á íslensku telji Neytendastofa augljóst að auglýsingunum sé sérstaklega beint að þeim, þrátt fyrir að notast sé við samfélagsmiðla sem reknir séu af erlendum aðilum.

57. Neytendastofa vísar til hinnar kærðu ákvörðunar og ítrekar afstöðu sína að þó notast sé við miðla sem hýstir kunna að vera erlendis, á ákvæðið við þegar nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu neytanda séu gerðar hér á landi. Ákvörðun stofnunarinnar sé líkt og allt eftirlit hennar allsherjarréttarlegs eðlis en ekki byggt á tilteknum samningum við einstaka neytendur. Stofnunin hafi leitað upplýsinga frá kæranda um þá samninga og stöðluð eyðublöð sem notast væri við. Hafi stofnuninni aldrei verið send afrit af slíkum gögnum þar sem farið var í öllu að lögum nr. 33/2013.
58. Með bréfi, dags. 13. nóvember 2019, gaf áfrýjunarnefndin kæranda færi á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Kærandi gerði það með bréfi, dags. 27. nóvember 2019.
59. Kærandi áréttar að almennt beri að túlka íslensk lög í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Lög um lagaskil á sviði samningaréttar séu byggð á Rómarsamningnum og raunar nánast beinþýdd. Það væri merkingarlaust að innleiða evrópsk lög um lagaskil, sem eðli máls samkvæmt þyrftu að vera túlkuð með samræmdum hætti í báðum þeim ríkjum sem ættu hlut að máli, ef hvort ríki um sig myndi túlka sína innleiðingu á Rómarsamningnum í samræmi við innlendan rétt, eins og Neytendastofa leggi til. Markmiðið með Rómarsamningnum og raunar lögum nr. 43/2000 hafi verið að samræma löggjöf um lagaskil á milli landa. Þess vegna beri að sjálfsögðu að túlka lög nr. 43/2000 í samræmi við Rómarsamninginn eins og hann sé túlkaður af Evrópudómstólnum og fræðimönnum í evrópurétti. Þessu til frekari stuðnings vísast til athugasemda um 5. gr. í frumvarpi til laga um lagaskil á sviði samningaréttar, en þar segi:
60. „Ef viðskiptin fara fram þannig að þau eru hvorki liður í atvinnu seljanda né kaupanda á greinin ekki við, t.d. þegar maður kaupir notaða lausafjármuni (eða fornmuni) af öðrum einstaklingi án þess að það sé liður í atvinnustarfsemi. Þá á hún í samræmi við þetta heldur ekki við þegar báðir aðilar samnings gera hann sem lið í atvinnu sinni. Dæmi um það eru kaup tannlækni á tækjum til nota í rekstri sínum frá framleiðanda eða söluaðila. Ákvæðið á jafnt við um staðgreiðsluviðskipti og samning um lánsviðskipti sem er gerður í tengslum við kaupin.“
61. Af þessu megi leiða að vilji löggjafans hafi staðið til að lán, sem standi sjálfstætt og séu óháð tilteknum kaupum, falli ekki undir gildissvið ákvæðisins. Þetta sé sami skilningur og komi fram í þeim fræðiskrifum sem kærandi vísaði til í kæru.

62. Kærandi hafnar því að málsástæða hans að þessu leyti sé að einhverju leyti byggð á misskilningi, eins og segi í greinargerð Neytendastofu. Rómarreglugerð I fjalli um lagaskil á sviði samningaréttar og hafi tekið við af Rómarsamningnum, sbr. 24. gr. hennar. Rómarreglugerð II fjallar um lagaskil utan sviðs samningaréttar og sé álitafninu sem deilt sé um í málinu óviðkomandi, enda fjalli málið um (láns)samninga kæranda. Þá byggir kærandi m.a. þessa málsástæðu á umfjöllun í fræðiskrifum um 6. gr. Rómarreglugerðar I. Þar komi skýrlega fram að túlkun kæranda á 5. gr. laga nr. 43/2000 eigi við rök að styðjast og sé ekki byggð á misskilningi.
63. Kærandi telur að málalíbúnaður Neytendastofu byggi á misskilningi um þessa málsástæðu kæranda. Því sé t.a.m. ranglega haldið fram að í greinargerð Neytendastofu að kærandi byggi málsástæðuna á því að Evrópusambandið hafi gert breytingu á Rómarreglugerð I árið 2008 sem leiði til þess að unnt sé að túlka lög nr. 43/2000 með framangreindum hætti. Þetta sé rangt, enda byggi kærandi á því að með setningu Rómarreglugerðar I árið 2008 hafi reglugerðin tekið við af Rómarsamningnum og því sé ekki að ræða um breytingu á Rómarreglugerð I. Enn fremur vísi Neytendastofa til þess að þessi breyting, að víkka út gildissvið neytendaákvæðisins í Rómarreglugerð I, hafi verið hluti af vinnu við setningu á Rómarreglugerð II sem fjalli um lagaskil utan samningaréttar. Þetta sé með öllu órökstutt og óljóst hvernig útvíkkun á gildissviði ákvæðis sem fjalli um lagaskil á sviði neytendasamninga hafi verið undirbúningur fyrir lagasetningu um lagaskil utan samninga. Hvað sem því líði sé málalíbúnaður kæranda skýr hvað þetta varðar.
64. Að endingu vísi Neytendastofa til þess að ef fallist yrði á málalíbúnað kæranda myndi það fela í sér að neytendur á Íslandi nytu minni verndar en neytendur innan Evrópusambandsins, vegna þess að þar gildi nýrri lög um lagaskil á sviði samningaréttar en hafi verið innleidd á Íslandi. Hvað þetta varðar sé rétt að minna á, að það sé ekki hlutverk opinberra stofnana að setja lög, heldur að framkvæma þau í samræmi við réttan skilning á lögnum. Íslenska ríkið hafi ekki innleitt Rómarreglugerð I eins og ríki Evrópusambandsins hafi gert og þar af leiðandi sé hér á landi eldra lagaumhverfi hvað varðar lagaskil á sviði samningaréttar. Leiði það til þess að hér á landi séu rýrari heimildir en í ríkjum Evrópusambandsins til þess að skerða rétt aðila til þess að semja um hvaða lög gildi um tiltekna löggæringa þá verði því ekki breytt á stjórnarsýslustigi, heldur á Alþingi.
65. Kærandi bendir á að íslenska ríkið hafi innleitt Rómarsamninginn í formi laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Neytendasamningsákvæði Rómarsamningsins, sem er orðrétt eins og 5. gr. laganna, fjallaði um vörur og þjónustu – og fjármögnun þar að lútandi. Ekki er hægt að túlka ákvæði með þeim hætti að það nái almennt utan um fjármögnunarsamninga eins og þá sem kærandi býður upp á. Þennan skilning má lesa úr orðalagi ákvæðisins og rökstuðningi fræðimanna. Var svo ákveðið síðar meir, árið 2008, að setja nýja löggjöf, Rómarreglugerð I, um lagaskil á sviði samningaréttar, og var hún innleidd af ríkjum Evrópusambandsins.

Rómarreglugerð I rýmkaði rétt neytenda frá því sem var. Sú reglugerð hafi ekki verið innleidd á Íslandi og hafi því ekkert lagagildi hér.

66. Þá telji Neytendastofa til nýjar ástæður er lúti að auglýsingum kæranda. Kærandi hafnar því að Neytendastofa geti byggt á nýjum málsástæðum á kærustigi. Í greinargerð Neytendastofu sé byggt á því að kærandi auglýsi á samfélagsmiðlum og í ýmsum leikjum fyrir snjalltæki og tölvur. Á þessu byggði Neytendastofa ekki í ákvörðun sinni, þrátt fyrir tækifæri þess efnis. Ef málsástæðan verði lögð til grundvallar hjá áfrýjunarnefndinni sé kærandi sviptur rétti sínum til þess að fá ákvörðunina metna á tveimur stjórnarsýslustigum. Ekkert liggi fyrir í málinu um framsetningu auglýsinga kæranda á samfélagsmiðlum og hvað þá í tölvuleikjum.
67. Jafnframt hafi Neytendastofa með engu móti varpað ljósi á hvernig kærandi eigi að geta metið hvort viðskiptavinir félagsins hafi í undanfara viðskipta sinna við félagið séð auglýsingu á samfélagsmiðlum eða tölvuleikjum. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 sé það nauðsynlegt skilyrði fyrir því að neytandi geti borið fyrir sig ófrávíkjanleg lagaákvæði neytendaverndar heimalands síns að undanfari viðskiptanna hafi farið sérstakt tilboð eða almenn auglýsing sem beindist að neytandanum.
68. Að öðru leyti vísar kærandi til kæru sinnar.

NIÐURSTAÐA

69. Í máli þessu er deilt um hvort lög nr. 33/2013 gildi um lánssamninga sem kærandi gerir við neytendur. Krefst kærandi, sem er danskt hlutafélag með skráð aðsetur í Danmörku, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi með vísan til þess að framangreind lög taki ekki til starfsemi hans þar sem dönsk lög gildi um lánsamninga sem hann gerir en ekki íslensk lög. Snýr kæran nánar tiltekið að þeirri niðurstöðu Neytendastofu að skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 hafi verið uppfyllt og ákvæði laga nr. 33/2013 eigi við um samninga og samningsgerð kæranda þegar lántaki er Íslendingur og staddur á Íslandi.
70. Í hinni kærðu ákvörðun er á því byggt að starfsemi kæranda beinist fyrst og fremst að neytendum á Íslandi en kærandi leggur áherslu á að fyrirtækið sé alþjóðlegt lánaþyrntæki með starfsemi meðal annars í Danmörku, Póllandi og á Íslandi.
71. Gildissvið laga nr. 33/2013 er afmarkað í 1. gr. þeirra þar sem fram kemur að þau taki til lánsamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Takmarkanir á gildissviði einstakra ákvæða laganna vegna tiltekinna lánsamninga koma fram í 2. gr., en í 3. gr. eru tilteknir þeir lánsamningar sem eru undanþegnir lögnum. Fyrir liggur að hvorugt þessara ákvæða gilda um þá samninga sem hér eru til umfjöllunar. Í 1. mgr. 29. gr. laganna er mælt fyrir um að Neytendastofa skuli annast eftirlit með ákvæðum laganna en um þá málsmeðferð gildi ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt 1. mgr. 2.

gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, taka lög in til samninga, skilmála og athafna sem hafi eða ætlað sé að hafa áhrif hér á landi. Ekki er sérstaklega vikið að landfræðilegum valdmörkum Neytendastofu í lögum.

72. Ekki er að finna reglur um lagaskil við rétt annarra landa í lögum nr. 33/2013. Slíkar reglur er hins vegar að finna í lögum nr. 43/2000. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra laga gilda þau um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu til þess lögum hvaða lands skuli beitt. Samkvæmt 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru tilteknir samningar undanskildir gildissviði laganna en samningar um neytendalán eru ekki þar á meðal.
73. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 43/2000 skal um samninga beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verða talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum.
74. Í 5. gr. laga nr. 43/2000 er mælt fyrir um lagaskilareglur varðandi neytendasamninga. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. á greinin við um samninga sem maður (neytandi) gerir um afhendingu vöru eða þjónustu í tilgangi sem verður að telja að varði ekki atvinnu hans eða samning um lán til að fjármagna kaupin. Í 2. mgr. 5. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. geti ákvæði um lagaval í samningi aldrei takmarkað þá vernd sem neytandi njóti samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem hann býr að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum sem rakin eru í liðum a. til c. Eins og byggt er á í hinni kærðu ákvörðun verður að líta svo á að lög nr. 33/2013 feli í sér ófrávíkjanlegar reglur um vernd neytanda í framangreindum skilningi, enda aðeins heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir neytanda. Er meðal annars til þess að líta að í athugasemdum með 1. mgr. 5. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 43/2000 er tekið fram að ákvæði þágildandi laga um neytendalán séu dæmi um íslenskar reglur sem ekki sé hægt að víkja frá með samningi neytanda í óhag.
75. Kærandi byggir kröfu sína á því að skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 sé ekki uppfyllt. Vísar kærandi til þess að í tilviki lánsamninga eigi ákvæðið aðeins við ef samningur er um lán til að fjármagna kaup neytanda á vöru eða þjónustu. Verði því að gagnálykta sem svo að neytendalán sem ekki séu veitt í slíkum tilgangi, eins og í tilviki kæranda, falli utan gildissviðs 5. gr. laga nr. 43/2000. Á hinn bóginn er á því byggt í hinni kærðu ákvörðun að neytendalán kæranda sé þjónusta í skilningi 1. mgr. 5. gr. og taki því reglan til lánsamninga sem kærandi geri við neytendur. Kemur því til skoðunar hvort sú starfsemi kæranda að veita neytanda lán á grundvelli sérstaks samnings þar um teljist þjónusta í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000.
76. Hugtakið þjónusta er ekki skilgreint í lögum nr. 43/2000. Í íslenskri orðabók er hugtakið einkum útskýrt sem vinna sem einhver er ráðinn til að leysa af hendi fyrir einhvern annan en einnig sem „það að veita beina eða aðra aðstoð“. Verður því að líta svo á að almennur skilningur á hugtakinu sé víður og ekki sé útilokað að merking þess geti náð til þeirrar starfsemi sem felst í því að veita lán á grundvelli samnings

77. Eins og kemur fram í frumvarpi því er varð að lögum nr. 43/2000 eru lögin grundvölluð á svokölluðum Rómarsamningi sem undirritaður var 19. júní 1980 sem varðar lagaskilareglur vegna samningsskuldbindinga sem tengjast fleiri en einu landi og hvers lands lögum skuli beita þegar uppi kemur ágreiningur um það. Í frumvarpinu kemur fram að með lögfestingunni verði þær efnisreglur samningsins sem teknar séu upp í frumvarpinu hluti af íslenskum rétti og hafi stöðu almennra laga en um túlkun og beitingu þessara ákvæða fari samkvæmt þeim aðferðum og sjónarmiðum sem tíðkast í íslenskum rétti almennt. Hins vegar sé lögfesting reglnanna liður í því að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf og lagaframkvæmd ríkja EB (nú ESB) og því sé heppilegt að túlkun þeirra og framkvæmd sé einnig samræmd Rómarsamningnum en af því leiðir að tillit verði tekið til dómaframkvæmdar EB-dómstólsins (nú ESB-dómstólsins) varðandi það jafnvel þótt hún sé ekki bindandi að íslenskum rétti.
78. Í athugasemdum með 1. mgr. 5. gr. í fyrrnefndu frumvarpi segir að ákvæði greinarinnar hafi að geyma sérstakar lagaskilareglur varðandi neytendasamninga. Vísað er til þess að hugtakið neytendasamningur í skilningi ákvæðisins eigi sér samsvörun í 13. gr. Lúganósamningsins um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Hér er nánar verið að vísa til samnings sem gerður var í Lúganó árið 1988 sem innleiddur var í íslenskan rétt með lögum nr. 68/1995 en 13. gr. samningsins fjallaði um varnarþing í neytendamálum. Sambærileg regla er í 15. gr. nágildandi samnings frá 2007 sem kom í stað samningsins frá 1988 en sá samningur var innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 7/2011. Það ákvæði á síðan samsvörun í svokölluðum Brussel-samningi sama efnis sem gerður var á vettvangi Evrópusambandsins. Í fyrrnefndum athugasemdum með 1. mgr. 5. gr. er nánar tekið fram að „[s]amkvæmt því sé um neytendasamning að ræða þegar maður (neytandi) gerir samning um kaup á vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans.“ Sérstaklega er áréttað að tilgangur ákvæðisins sé að vernda neytendur og beri að skýra ákvæðið í samræmi við þann tilgang en samkvæmt því eigi „ákvæðið aðeins við þegar annar aðili samnings selji vöru eða þjónustu til neytanda sem lið í atvinnu sinni.“ Sérstaklega er vísað til þágildandi laga um neytendalán sem dæmi um íslenskar reglur sem ekki er hægt að víkja frá með samningi neytanda í óhag. Að öðru leyti varpar athugun á umræddum samningi og dómafordæmum ESB-dómstólsins ekki frekara ljósi á það hvernig skýra beri hugtakið þjónusta að því er varðar samninga um lán.
79. Af þessum sökum verður litið til hefðbundinna sjónarmiða um túlkun laga nr. 43/2000 svo sem að skýring samræmist öðrum þeim markmiðum sem bjuggu að baki lagasetningu og túlkun á öðrum sambærilegum hugtökum og reglum sem fram koma í íslenskum lögum. Verður því að leysa úr því álitamáli sem hér er til skoðunar með hliðsjón af því hvernig löggjafinn hefur skilgreint þá starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum nr. 33/2013. Að öðru leyti hefur nefndin í huga þá afstöðu löggjafans sem fram kemur í athugasemdum með 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 um að sá tilgangur búi að baki ákvæðinu að vernda neytendur.
80. Eins og áður segir taka lög nr. 33/2013 til lánessamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Í lögnum er sérstaklega vikið að þeim upplýsingum sem lánveitanda ber að

veita áður en lánsamningur er gerður, sbr. 7. og 8. gr. Samkvæmt 6. mgr. 7. gr. skal þegar um er að ræða sölu eða markaðssetningu í síma í skilningi 9. gr. laga nr. 33/2005, um farsölu á fjármálaþjónustu, veita tilteknar upplýsingar sem þar eru tilgreindar. Sambærileg tilvísun til laga nr. 33/2005 er í 7. mgr. þegar um er að ræða samning sem gerður er að beiðni neytenda með fjarskiptaaðferð. Jafnframt er vísað til laga nr. 33/2005 að því er varðar kröfur um upplýsingar fyrir og við gerð tiltekinna lánsamninga í formi yfirdráttarheimildar og tiltekinna sérstakra lánsamninga, sbr. 3. mgr. 8. gr. Í 19. gr. síðast nefndu laganna er fjallað um framsal kröfuréttar. Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að upphaflegur lánveitandi skuli upplýsa neytanda um framsal sem um getur í 1. mgr. nema þegar upphaflegur lánveitandi heldur áfram *lánsþjónustu* sinni við neytanda með samkomulagi við framsalshafa.

81. Í 1. gr. laga nr. 33/2005 kemur fram að lögin gildi um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu og markaðssetningu sem miði að slíkum samningum. Í 4. gr. laganna eru orðskýringar. Í 1. tölulið kemur fram að „neytandi“ sé „einstaklingur sem gerir samning um fjármálaþjónustu, enda sé samningurinn óviðkomandi starfi hans“. Í 2. tölulið kemur fram að „þjónustuveitandi“ sé „einstaklingur eða lögaðili sem veitir fjármálaþjónustu í atvinnuskyni“. Í 4. tölulið kemur fram að „fjármálaþjónusta“ sé „móttaka endurgreiðanlegra fjármuna, útlánastarfsemi, greiðsluþjónusta, gjaldeyrismóttaka, eignaleiga, útgáfa og umsýsla greiðslukorta, útgáfa og umsýsla rafeyris, viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga, samningar um váttryggingar, samningar um lífeyri og önnur fjármálaþjónusta“. Með umræddum lögum var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB varðandi farsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Af samanburði laga nr. 33/2005 og enskri útgáfu tilskipunarinnar er ljóst að orðið „fjármálaþjónusta“ er þýðing á hugtakinu „financial services“. Má því vera ljóst að veiting lána til neytenda teljist vera fjármálaþjónusta í skilningi laga nr. 33/2005.
82. Í þessu samhengi skal einnig haft í huga að með lögum nr. 33/2013 var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánsamninga fyrir neytendur, sbr. 35. gr. laga nr. 33/2013, en í Evrópurétti hefur verið við það miðað að lánveitingar til neytenda sé þjónusta. Þannig hefur ESB--dómstóllinn (áður EB-dómstóllinn) komist að þeirri niðurstöðu að lánveitingar til neytenda teljist vera þjónusta í skilningi reglna er fjalla um fjarsölusamninga, sbr. t.d. dóm frá 17. mars 1998 í máli C-45/96 er laut að túlkun þágildandi tilskipunar ráðsins nr. 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fasta starfsstöðva en umrædd tilskipun var felld inn í EES-samninginn. Þá er ljóst að dómstóllinn hefur við túlkun á ákvæðum Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er lúta að frelsi til að veita þjónustu á innri markaðnum, sem eiga sér hliðstæðu í 36.-39. gr. EES samningsins sem lögfestur hefur verið hér á landi, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, skýrt þjónustuhugtakið vítt og að komist að þeirri niðurstöðu að lánveitingar til neytenda falli þar undir, sbr. t.d. dóm frá 14. nóvember 1995 í máli C-484/93.
83. Af öllu framangreindu verður dregin sú ályktun að við setningu laga nr. 33/2013 hafi verið litið svo á að sú starfsemi sem þar er fjallað um, þar með talið veiting lána á grundvelli samnings,

teljist þjónusta. Er sú niðurstaða í samræmi við hefðbundinn skilning á hugtakinu þjónusta í Evrópurétti. Með vísan til þessa verður að líta svo á að samningar kæranda um veitingu lána sem mál þetta varðar sé þjónusta í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000. Af þessum sökum verður að telja uppfyllt það skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 að um sé að ræða samninga sem neytandi gerir um afhendingu þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans.

84. Kemur þá til skoðunar hvort uppfyllt sé skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000. Samkvæmt ákvæðinu getur ákvæði um lagaval í samningi aldrei takmarkað þá vernd sem neytandi nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem hann býr ef undanfari samningsins var sérstakt tilboð til neytandans eða almenn auglýsing og allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar af hans hálfu fóru fram í því landi. Eins og rakið er í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 43/2000 var talið felast í þessu ákvæði skilyrði um að seljandinn hafi boðið fram vöru sína með sérstöku tilboði eða auglýsingu í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi, *eða á annan hátt í því landi sem neytandinn á heima*. Sérstaklega var tekið fram að undir þetta féllu einstök tilboð sem seljandi kann að hafa gert viðkomandi neytanda, annaðhvort fyrir tilstilli umboðsmanns eða sérstakra sölumanna eða sérstök tilboð sem berast honum í pósti, *gegnum síma eða á annan hátt*. Þá var áréttað að gert væri að skilyrði að kaupandinn hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til undirbúnings samningsgerðinni í því landi þar sem hann býr en skilyrðið væri „orðað á þennan sérstaka hátt til að aðgreina það frá þeim stað þar sem samningur er gerður, þar sem algengt er að slíkir samningar séu gerðir með bréfaskiptum eða fjarskiptum og því oft erfitt að skera úr um það hver samningsstaðurinn í reynd er.“
85. Að mati áfrýjunarnefndar skiptir máli að kærandi gengst við því að hafa sent tölvubréf og smáskilaboð í farsíma til neytenda sem leitað hafa til hans um viðskipti en hvorki liggja fyrir afrit af slíkum upplýsingum í gögnum málsins né af almennum auglýsingum kæranda. Þá er óumdeilt að kærandi hefur haldið úti heimasíðum undir nokkrum vörumerkjum, en sem dæmi má nefna heimasíðuna kredia.dk. Hafa upplýsingar á heimasíðunni birst á íslensku og ensku, eftir því hvort íslenskur, danskur eða breskur fáni er valinn.
86. Af gögnum málsins verður ráðið að kærandi hafi veitt lán í íslenskum krónum en eðli máls samkvæmt er sá gjaldmiðill nær eingöngu gjaldgengur í viðskiptum á Íslandi. Þá er ljóst að viðskiptavinir sem skrá sig til að eiga viðskipti við kæranda þurfa að hafa íslenska kennitölu. Markaðssetning kæranda gagnvart neytendum fer einnig fram á íslensku. Er af þessum sökum ljóst að starfsemi kæranda miðast að því að veita neytendum á Íslandi lán.
87. Verður því talið að almenn markaðssetning kæranda, einkum og sér í lagi rekstur heimasíðu hans sem er sniðin að íslenskum neytendum umfram aðra, uppfylli skilyrði a. liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/2000 er lýtur að undanfara samnings, enda má jafna aðstæðum til þess að kærandi hafi birt auglýsingu á Íslandi. Þá verður af sömu ástæðum og hér hafa verið raktar að ganga út frá að í þeim tilvikum þar sem neytendur á Íslandi hafa gert samning við kæranda um lán hafi

nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar farið fram á Íslandi eins og áskilið er í ákvæðinu.

88. Í ljósi þessa verður að líta svo á að lánessamningar sem kærandi hefur gert við viðskiptavini sína á Íslandi falli undir lög nr. 33/2013 og lúti þar með eftirliti Neytendastofu með vísan til 5. gr. laga nr. 43/2000 svo sem byggt var á í hinni kærðu ákvörðun.
89. Kærandi hefur ekki gert athugasemdir við önnur atriði í hinni kærðu ákvörðun og verður hún því staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

f.h. áfrýjunarnefndar neytendamála



Kristín Benediktsdóttir formaður ad hoc